



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Miðvikudagur 20. febrúar 2008 – 8. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000

Silfur- og steinavinnsla í sókn
Kraftur í handverkinu



12

Krónan í ölduróti
Mynt sem verður aldrei stöðug



8-9

Alparnir alltaf til
Á skíðum, bretti og hjóli



14



AFLINN Á LAND Fiskvinnsla hefst að nýju í Gunnólfi á Bakkafirði í mars.

Tíu störf á Bakkafirði

„Við væntum þess að um tíu manns vinni hjá okkur til að byrja með. Svo kemur þetta í ljós,“ segir Jón Steinn Elíasson, framkvæmdastjóri Toppfisks.

Fyrirtækið keypti fyrir fáum dögum fasteignir og tæki Gunnólfs á Bakkafirði. Byggðastofnun leysti þessar eignir til sín í haust.

Fram kemur á vef Byggðastofnunar að þar á bæ sé þess vænst að salan verði til að styrkja atvinnulífið á Bakkafirði.

Jón Steinn býst við því að vinnslan á Bakkafirði hefjist í næsta mánuði.

- ikh

FRÉTTIR VIKUNNAR

Biðst afsökunar | Danska blaðið Ekstra Bladet hefur beðið Kaupþing afsökunar á greinaskrifum um bankann haustið 2006. Afsökunarbeiðnin er hluti af dómssátt, en Kaupþing höfðaði mál vegna skrifanna. Blaðið greiðir einnig bætur og greiðir lögfræðikostnað.

Kaupa í Capacent | Capa Invest, nýtt fjárfestingarfélag í eigu Róberts Wessman og Jóns Diðriks Jónssonar, hefur eignast tuttugu prósent hlut í IMG-Holding, eignarhaldsfélagi Capacent-samstæðunnar. Gefið var út nýtt hlutafé og Capa Invest orðið kjölfestufjárfestir í samstæðunni.



Stýrivextir óbreyttir | Seðlabanki Íslands breytti ekki stýrivöxtum á vaxtaákvörðunardegi sínum í síðustu viku. Stýrivextir eru 13,75 prósent. Greiningardeildir bankanna gera ráð fyrir að bankinn hefji að lækka vexti næst þegar vöxtum verður breytt.

Evrar um bakdyrnar | „Við kunnum ekki við að lönd reyni að komast bakdyramegin í evruna,“ sagði Jürgen Stark, stjórnarmaður í Evrópska seðlabankanum á Viðskiptaþingi 2008. Hann segir bankann á móti einhliða upptöku þjóða á evru og þær sem kjósi þá leið geti ekki vænst stuðnings bankans eða Evrópusambandsins.

Gjaldeyrismál í brennidepli | Staða krónunnar var til umræðu á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands. Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs, kallaði í ræðu sinni eftir skýrri sýn og aðgerðum stjórnvalda varðandi framtíðarskipan gjaldeyrismála og styrkingu efnahagslegs stöðugleika.

Þurfum að senda marktæk skilaboð

Hátt skuldatryggingarálag íslensku bankanna er til vandræða. Ólafur Ísleifsson segir að styrkja verði gjaldeyrisforðann.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Aðgerðir til að treysta starfsumhverfi bankanna á borð við styrkingu gjaldeyrisforðans eru alger nauðsyn við þessar aðstæður. Með slíkum aðgerðum eru send skilaboð til umheimsins sem mark er tekið á,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Skuldatryggingarálag bankanna er himinhátt um þessar mundir. Í byrjun vikunnar var skuldatryggingarálag Kaupþings sex sinnum hærra en að jafnaði í Evrópu, álagið hjá Glitni fimm sinnum hærra, og þrisvar sinnum hærra hjá Landsbanka. Eftir því sem álagið er hærra eru lánskjör bankanna óhagstæðari.

Skuldatryggingarálag banka hefur alls staðar hækkað, en talið er að álagið á íslensku bankana sé hærra vegna uppruna þeirra og hefur það verið kallað Íslandsálag. „Þetta þýðir að álagið er ekki einkamál bankanna heldur verða stjórnvöld að treysta starfsumhverfi þeirra eins og matsfyrirtækið Moody's undirstrikar í nýlegu áliti um láns hæfi landsins. Bankarnir þurfa aukinn aðgang að lausu fé,“ segir Ólafur og hvetur til þess að viðræður verði teknar upp við Evrópska seðlabankann.

„Skuldatryggingarálagið er orðið óþolandi hátt og hamlar aðgengi að lánsfé meira en staða bankanna gefur tilefni til.“ Ólafur minnir á að áður fyrr hafi Seðlabankinn átt samstarf við aðra norræna seðlabanka um aðgang að fé sem grípa mætti til ef vandi steðjaði að. „Slíkir samningar eru raunhæfir og mikils metnir, til dæmis af matsfyrirtækjum. Brýnt er að tryggja aukinn aðgang að lausu fé og geta sýnt umheiminum að fjármálakerfið eigi bak-hjarl í samningum af þessu tagi. Þess vegna er brýnt að leita hófanna eftir slíkum samningi við Evrópska seðlabankann og hugsanlega fleiri seðlabanka eftir atvikum. Þetta eru aðgerðir sem menn skilja og mark er tekið á,“ segir hann.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir helgi að ekki stæði til að leita eftir samstarfi við Evrópska seðlabankann í þessu tilliti og það hefði ekki staðið til. Hins vegar væri undirbúningur hafinn á vettvangi ríkisstjórnarinnar til að draga úr neikvæðum afleiðingum hugsanlegrar lánsfjákræppu á alþjóðamörkuðum. „Eðlilegt er að vinna að slíku í góðu samstarfi við aðila á markaðnum,“ sagði Geir. Hann hitti fyrir helgi, ásamt utanríkisráðherra, forsvarsmenn fjármálafyrirtækja til skrafs og ráðagerða.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans nemur nú ríflega 174 milljörðum króna. Sjá síður 8-9

FL Group leggur einkaþotunni

„Við höfum spilað vörn, tekið skrefið aftur á bak til að treysta stoðirnar og fínstilla reksturinn sem gerir okkur kleift að nýta tækifærin sem hafa orðið til. Þeir sem komast í gegnum erfiðleikana standa sterkir eftir,“ segir Jón Sigurðsson, forstjóri FL Group, sem kynnti sitt fyrsta ársuppgjör eftir miklar sviptingar í hluthafahópi félagsins í síðustu viku.

Félagið hefur stokkað upp í eignasafni sínu upp á síðkastið, selt alla hluti sína í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR og fært eignarhlut í þýska bankanum Commerzbank, sem nú er agnarsmár, í veltubók svo fátt eitt sé nefnt.

Forstjórinn segir einskíptikostnað hafa fallið á félagið í kjölfar mikils vaxtar í harðri samkeppni í fyrra. Nauðsynlegt

hafi verið að bjóða í gott fólk.

Seglin hafa verið dregin niður í bili og mun FL Group einbeita sér að kjarnafjárfestingum sínum. Dregið verður úr styrkveitingum í nafni FL Group á næstunni. Þá hafa minni umsvif erlendis falið í sér að ekki hefur þurft að nota margumtalaða einkaþotu upp á síðkastið, sem félagið fékk afnota af í fyrra í tengslum við stórar erlendar stöðutókur. - jab / sjá síðu 6

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 15,6%*

GBP 5,9%*

DKK 4,7%*

USD 5,0%*

CAD 4,9%*

EUR 4,0%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Landsbankinn


Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 3. jan. – 3. feb. 2008.



Lausnir – ekki vandamál

Sumir einblína á vandamálin – aðrir hugsa í lausnum



Við hjá Teris höfum áratuga reynslu í að hanna og þróa lausnir fyrir viðskiptabanka – *lausnir sem reynst hafa frábærlega!*

Teris er framsækið upplýsingatæknifyrirtæki sem byggir á traustum grunni. Við sérhæfum okkur í lausnum fyrir fjármálafyrirtæki og kappkostum að veita viðskiptavinum okkar afburðagóða og heildstæða þjónustu sem byggir á þekkingu, trausti, trúnaði og tryggð.

Við höfum mikla og langa reynslu af því að veita þjónustu til margra ólíkra viðskiptavina sem gera miklar kröfur um hraða, áreiðanleika og skilvirkni.

Sérfræðingar Teris veita fúslega ráðgjöf um lausnir sem henta þínu fyrirtæki.

Teris er vottað samkvæmt ISO 27001:2005 staðlinum um stjórnkerfi fyrir upplýsingaöryggi

TERIS
-Tákn um þekkingu

Hlíðasmára 19
201 Kópavogur
Sími 563 3300
www.teris.is

Kastar plastflöskunni

Danski bjórrisinn Carlsberg hefur ákveðið að hætta að selja bjór í plast- og léttglersflöskum. Ástæðan er sú að neytendur kjósa fremur að teygja ölið í gömlu góðu þungu flöskunum þrátt fyrir að glerið sé dýrara.

Jens Bekke, talsmaður Carlsberg, segir í samtali við viðskiptablaðið Børsen að löngum hafi verið litið á Carlsberg á innanlandsmarkaði sem bjór í dýrari kantinum á meðan bjór í flöskum og dósunum



Tuborg höfði meira til almennings.

Plastflaskan virðist ekki hafa átt góðu gengi að fagna og verður hún fljótlega tekin úr umferð. Öðru máli gegnir hins vegar um glerflöskuna, sem hverfur úr hillum danskra verslana hægt og bítandi. Hún verður eftir sem áður fáanleg á skemmti- og veitingastöðum auk þess sem glerflöskurnar verða seldar á erlendum mörkuðum, að sögn Børsen.

- job

Horfa til frekari þjóðnýtingar

Breska ríkið hyggst þjóðnýta banka og fjármálafyrirtæki gerist þess þörf. Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, lagði frumvarp þessa efnis fyrir breska þingið á mánudag.

Í frumvarpinu er kveðið á um að ríkið geti tekið yfir rekstur fyrirtækja sem hafi lent í kröppum dansi.

Frumvarpið kemur í framhaldi af þeirri ákvörðun breskra stjórnvalda á sunnudag að þjóðnýta breska bankann Northern Rock, sem hefur verið í gjör-gæslu síðan í september í fyrra. Richard Branson, stofnandi

Virgin-samstæðunnar, og fleiri fjárfestar gerðu tilboð í bankann en það mun ekki hafa verið fullnægjandi, að sögn breska blaðsins Daily Telegraph, sem gagnrýnir bresku ríkisstjórnina harðlega fyrir ákvörðunina.

Northern Rock hefur fengið mikinn stuðning frá Englandsbanka vegna lausafjárkreppunnar og sótt sér á bilinu 25 til 30 milljarða punda, jafnvirði 3.200 til 3.900 milljarða íslenskra króna, til hans í formi neyðarlána til tryggja sparifjáreign viðskiptavina auk annarra skuldbindinga.

- job



NÁÐ Í SPARIFÉÐ Breska ríkið getur fengið heimild til að þjóðnýta fleiri banka og fjármálafyrirtæki sem lent hafa í kreppu en Northern Rock, komist frumvarp þess efnis í gegn.

MARKAÐURINN/AFP

Fasteignaverð hækkar í Bretlandi

Meðalverð á húsnæði hefur hækkað um 3,2 prósent á milli mánaða í Bretlandi. Þetta er fyrsta verðhækkunin sem sést hefur þar í landi síðan í september í fyrra en fjármálskýrendur segja í samtali við Bloomberg-fréttaveituna að áhrifa tveggja stýrivaxtalækkana Englandsbanka frá því í desember sé nú að skila sér.

Til samanburðar lækkaði fasteignaverð um 0,8 prósent á milli mánaða í janúar.

Verðhækkunin nær til landsins alls. Sé litið til einstakra staða hækkaði verð að meðaltali í höfuðborginni um 0,9 prósent nú að meðaltali. Í hverfunum Hammersmith, Fulham og Wandsworth hækkaði verðið hins vegar um 3,5 prósent og fer meðalfasteignin á 402 þúsund pund, jafnvirði 52,6 milljónir króna.

Á mótí féll fasteignaverðið um 4,2 prósent í Kensington og Chelsea-hverfunum. Fasteignaverðið þar er hins vegar talsvert hærra en í öðrum hverfum og fer meðalfasteignin á 1,6 milljónir punda, tæpar 210 milljónir íslenskra króna.

- job



MITTAL-HÚSÍÐ Bretar sjá loks fyrir endann á lækkuðum fasteignaverðum. Övist er hver verðlagningin verður á rándýrum húsum á borð við þetta í vesturhluta Lundúna sem indverskættaði stálkóngurinn Lakshmi Mittal greiddi sautján milljarða fyrir árið 2004.

MARKAÐURINN/AFP

Sjö mánuðir frá fallinu

Úrvalsvísitalan hefur fallið nær viðstöðulaust síðan 19. júlí síðastliðinn.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Úrvalsvísitalan náði sínu hæsta gildi 19. júlí síðastliðinn þegar hún fór í 9.016 stig eftir mikinn uppgang frá byrjun síðasta árs. Daginn eftir að hæsta punkti var náð féll vísitalan þegar lausafjárkreppan á alþjóðlegum fjármálamörkuðum ýtti við henni af miklum þunga og féll hún nær viðstöðulaust allt fram til síðustu og þessarar vikur, sem þó hefur verið með þeim skárri. Inn í dýfu á fjármálamörkuðum blandast umræður um hugsanlega óprúttu verðbréfamiðlara hjá stærstu bönkum Evrópu sem hafa ýtt enn frekar undir lækkanaferli á erlendum hlutabréfamörkuðum.

Úrvalsvísitalan stóð í 5.159 stigum um miðjan dag í gær og nemur fallið því rúmum 42 prósentum frá því um mitt síðasta ár. Þar af hefur vísitalan fallið um 18,34 prósent frá áramótum. Líkt og greiningardeild Kaupþings hefur bent á samanstendur Úrvalsvísitalan að langmestu leyti af bönkum og fjármálafyrirtækjum og líkist því heldur vísitölum í fjármálageira en öðrum vísitölum. Þar af er Kaupþing langstærsta fyrirtækið sem skráð er á markað hér á landi og hefur hreyfing á gengi bankans mikið að segja um þróun Úrvalsvísitalunnar.

Rætur lausafjárkreppunnar á alþjóðlegum mörkuðum liggja, líkt og áður hefur komið fram, í miklum vanskilum á bandarískum undirmáslánum sem tekju-lágum einstaklingum í Banda-

ríkjunum stóð til boða í stað almennra íbúðalána. Einstaklingar þessir höfðu oft en ekki lent á svörtum lista vegna vanskila eða gátu ekki gert grein fyrir öruggum tekjum. Vanskilin undu upp á sig og þegar þessi heldur ótryggu og áhættusömu fasteignalán skiluðu sér ekki í bækur bankanna neyddust fjölmörg fyrirtæki, ekki síst í Vesturheimi, að afskrifa háar fjárhæðir úr bókum sínum sem féllu til á þriðja ársfjórðungi í fyrra. Afskriftir nokkurra af stærstu bönkum Bandaríkjanna námu hátt í 100 milljörðum dala, jafnvirði 6.600 milljarða íslenskra króna, á tímabilinu og öðru eins á síðasta fjórðungi síðasta árs. Öttast er að afskriftir banka, jafnt þar og í Evrópu og Asíu, nemi hátt í 400 milljörðum dala þegar upp verður staðið.

Inn í lausafjárþurrðina leikur grunur á að óprúttum verðbréfaskúrkum megi að einhverju leyti kenna um afskriftir banka og fjármálafyrirtækja. Skemmt er að minnast Jeróme Kerviel, fyrrverandi verðbréfamiðlara hjá franska bankanum Société Générale, en hann er sakaður um að eiga stærstan hlut á því að bankinn tapaði 4,9 milljörðum evra. Í gær var svo frá því greint að evrópski risabankinn Credit Suisse hefði nokkra verðbréfamiðlara grunaða um að ofmeta eignatryggð skuldbréf bankans um allt að 2,85 milljarða dala, jafnvirði um 190 milljarða íslenskra króna. Af þeim sökum er reiknað með að hagnaður bankans dragist saman á yfirstandandi fjórðungi.

Skrúfað fyrir stöðuhækkun

Mál hins alræmda Jeróme Kerviel hefur skrúfað fyrir það að lægra settir starfsmenn franska banka fái stöðuhækkun og verði fluttur upp í miðlaraborðið, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar.

Stöðuhækkun sem þessi hefur þótt eftirsóknarverð innan bankageirans en þar hafa menn átt von á hærri bónusgreiðslum fyrir vel unnin störf en í öðrum deildum.

Kerviel var sagt upp störfum eftir að umsvifamiklir verðgjörnir hans leiddu til þess að franskur bankinn



JERÓME KERVIEL Hætt er við að verðbréfagjörnir hans franska Kerviels hafi skrúfað fyrir möguleika lægri settra starfsmanna hjá frönskum bönkum að fá stöðuhækkun upp á miðlaragólfíð.

Société Générale tapaði 4,9 milljörðum evra, jafnvirði um 480 milljarða íslenskra króna. Deilt hefur verið um það hvort yfirmenn hans hafi vitað af verðbréfaviðskiptunum fyrir nokkrum árum en lokað augunum fyrir því þar sem miðlarinn hafi skilað bankanum góðum hagnaði. Því til sönnunar átti hann von á vænum bönusi fyrir störf sín áður en málið uppgötvaðist og hann missti vinnuna.

Kerviel var fluttur upp á miðlaraborðið árið 2005 eftir fimm ára starf í bakvinnslu bankans.

- job

Hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu hagfræðings á hagfræðisviði bankans. Hagfræðisvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguþýpur og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræðisvið hefur m.a. umsjón með útgáfu Penningamála og enskri þýðingu þeirra, Monetary Bulletin.

Verkefni hagfræðingsins verða m.a.:

- Að fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- Tilfallandi rannsóknarverkefni og ráðgjöf á sviði þjóðhagfræði.
- Þátttaka í öðrum verkefnum hagfræðisviðs eftir atvikum.

Áskilið er a.m.k. meistarapróf í þjóðhagfræði og lögð er áhersla á að umsækjandi hafi þekkingu og áhuga á efnahagsmálum. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt. Auk þekkingar á hefðbundnum hugbúnaði væri það kostur ef umsækjandi hefði góða þekkingu á notkun hugbúnaðar til tölfræðigreiningar og hagmælinga. Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og vera reiðubúinn til hópinnu af ýmsu tagi.

Upplýsingar um starfið veitir Arnór Sighvatsson, aðalhafgræðingur, í síma 569-9600. Umsóknum skal skilað fyrir 4. mars 2008 til rekstrarstjóra Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.



Vinnubíll getur líka verið sparibíll

Getum boðið allar útfærslur af nýjum Renault vinnubílum á miklu lægra verði

Nýr Renault Kangoo Express

1500 diesel. Tvöföld vsk grind - fellanlegt framsæti - giraffa luga - rafmagn i rúðum - samlæsingum o.fl.

Listaverð á 1,5 dísel: 1.940.000 með vsk

Okkar verð: 1.617.255 með vsk - 1.299.000 án vsk.

Þú sparar 322.745 kr.

Til á lager



Nýr Renault Master L2H2 millilangur háþekju:

2,5L dísel, Tauáklæði, rafm. rúður, samlæsingar, ABS bremsuferfi, plata i botni, skilrúm með glugga, 270° opnun á afturhurðum. Sjálfskipting fánleg fyrir um 120.000 kr.

Listaverð með þessum búnaði 3.619.900 með vsk.

Okkar verð: 3.061.000 með vsk. 2.459.000 án vsk.

Þú sparar 558.900 kr.

Til á lager



Nýr Renault Trafic L1H1 stuttur:

2,0L dísel, tauáklæði, rafmagn i rúðum, samlæsingar, val um glugga að aftan eða ekki, ABS bremsuferfi, Skilrúm með glugga, plata i botni

Listaverð á bíl með þessum búnaði: 2.779.900 með vsk.

Okkar verð: 2.290.800 með vsk. 1.840.000 án vsk.

Þú sparar 489.100 kr.

Til á lager



Einnig hægt að fá sem 9 manna minibus.

Verð: 2.990.000,-

Þú sparar 800.000 kr.

Nýr Renault Master DCI með tvöföldu húsi og ál palli

Beinskiptur 6 gira. 7 manna. rafdrifnar rúður og samlæsingar

Listaverð með þessum búnaði 3.410.000,- með vsk.

Okkar verð 2.969.325,- með vsk.

2.385.000,- án vsk..

Þú sparar 440.675 Kr.

Til á lager



Miðað við verðlista 14.02.08

www.sparibill.is



Fiskilóð 16 - Granda. Sími: 577 3344



NÝR FORSTJÓRI SKOÐAR UPPGJÖRIÐ
Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður FL Group, og Jón Sigurðsson forstjóri skoða uppgjörið á kynningarfundum í síðustu viku.
MARKAÐURINN/ANTON

FL Group hreinsar út fortíðardrauga fyrir framtíðina

Fjárfestingarfélagið FL Group skilaði mesta tapi Íslandssögunnar á síðasta ári. Í kjölfar umfangsmikilla sviptinga á stærstu hluthöfum félagsins í ólgusjó á fjármálamörkuðum leitaði félagið í var. Jón Sigurðsson, forstjóri FL Group, segir í samtali við Jón Aðalstein Bergsveinsson að rekstrarkostnaður verði skorinn niður og stöðirnar treystar til að nýta tækifærin sem hafi skapast.

Við höfum spilað vörn, tekið skrefið aftur á bak til að byggja betri grunn, treysta stöðirnar til að vinna út frá og finnstilla reksturinn sem gerir okkur kleift að nýta tækifærin sem hafa orðið til. Þeir sem komast í gegnum erfiðleikana standa sterkir eftir," segir Jón Sigurðsson, forstjóri FL Group.

Jón kynnti í síðustu viku sitt fyrsta uppgjör. Vart öfundsvörður af hlutskiptinu því uppgjörið sýndi tap upp á 67 milljarða króna, eitt mesta tap hjá íslensku fyrirtæki til þessa. Tífalt meira en Dagsbrún skilaði af sér fyrir tveimur árum, sem þá skipaði fyrsta sætið.

Markaðsaðilar eru almennt þrjú fyrir ýmsa fyrirvara - sam mála um að FL Group hafi gengið hreint til verks í uppgjörinu og benda á að 32 prósent eign félagsins í Glitni sé færð til bókar á markaðsvirði í stað hlutdeildaraðferðar. Markaðsvirðið hafi keyrt afkomuna niður en hefði hinni aðferðinni verið beitt mætti ætla að tapið hefði orðið á bilinu 20 til 30 milljörðum krónum minna.

Hlutskipti Jóns er vart öfundsvort en hann tók við forstjórastólum eftir að mjög tók að þrengja um stærstu hluthafa félagsins í kjölfar mikillar gengis-

lækkunar á hlutabréfmarkaði. Sviptingar urðu í hluthafahópnum í kjölfarið og greip félagið til þess að selja stórar stöður í erlendum félögum sem höfðu lækkað mikið í verði.

Þar á meðal hafði mjög saxast á hlut félagsins í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR og í hinum þýska Commerzbank. Til tíðinda þótti þegar FL Group flaggaði tæpum sex prósentu hlut í AMR skömmu fyrir þar síðustu áramót og varði félagið háum fjárhæðum og ærnum tilkostnaði til að fá kröfum sínum framgengt þar innandyrna í fyrra. Árangurinn var lítill og ákvað félagið að losa um eignir í skugga niðursveiflu á hlutabréfamörkuðum samhliða háum olíuverði sem snerti mjög við afkomu flugrekstrarfélagsins.

Svipaða sögu var að segja af öðrum fjárfestingum FL Group sem gengu ekki eftir á síðasta ári. Mikil umsvif í fjárfestingum félagsins skiluðu sér í háum rekstrarkostnaði: 6,1 milljarðar króna.

NIÐURSKURÐARHNÍFUR Á LOFTI
Þeir Jón Sigurðsson, forstjóri FL Group, og Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður þess, boðuðu báðir á fjölmennum uppgjörsfundum fyrir viku að framundan væri mikill niðurskurð-

ur á kostnaðinum. Stefnan er að skera kostnað niður um helming hið minnsta.

Forstjórinn segir hraða uppbyggingu FL Group síðastliðin ár skýra háan rekstrarkostnað í fyrra. Félagið hafi flutt inn í nýjar höfuðstöðvar síðla hausts í fyrra auk þess sem skrifstofa var opnuð í Lundúnum í Bretlandi og annarri lokað í Kaupmannahöfn í Danmörku. Þá hafi félagið borið eftirlaunaskuldbindingar frá Flugleiða-tímanum á bakinu auk kostnaðar vegna starfsloka, m.a. vegna lokunar skrifstofu félagsins í Kaupmannahöfn. Þar er líka starfslokasamningur Hannesar Smárasonar, fyrrum forstjóra, uppá níutíu milljónir króna. Allt er þetta einskjotikostnaður sem ekki falli í bækur FL Group á næstu árum, að sögn Jóns. Jón bendir líka á að setja verði rekstrarkostnað félagsins í samhengi við mikil umsvif í kringum eignsafn sem nam 422 milljörðum í árslok 2007.

SAMKEPPNISHÆF LAUN

Launakostnaðurinn í fyrra nam 701 milljón króna sem deilist á 40 starfsmenn. Það geri 1,5 milljónir á mann að meðaltali á mánuði, með launategndum gjöldum. „Laun í þessum geira eru há og því tel ég að við greiðum sambærileg laun og hjá öðrum fyrirtækjum í sama geira," segir Jón og bætir við að nauðsynlegt hafi verið, í sókn síðustu ára, að bjóða vel í góða starfskrafta, bæði íslenska sem erlenda. „Við erum

með mjög gott fólk," segir hann.

DREIÐ ÚR STYRKVEITINGUM

FL Group hefur í ofanálág styrkt veglega við ýmis verkefni og málefni. Svo sem við Unicef, BUGL (Barna- og unglíngageðdeild Landsspítalans), Mænu-skadastofnun Íslands, Tónvís og Símfóníuhljómsveit Íslands, auk margra smærri málefna. Verkefni eru flest hver bundin til ákveðins tíma. Kostnaður við verkefni hefur ekki komið fram í ársreikningum FL Group til þessa.

Stefnan er að draga mjög úr smærri styrkjum og einblína á stærri málefni.

Stærsti liðurinn í rekstrarkostnaði FL Group í fyrra voru útgjöld í tengslum við stór yfirtökuverkefni, svo sem í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR og stórar stöðutökur í öðrum erlendum stórfyrirtækjum, svo sem í Commerzbank, sem sumar hverjar skiluðu ekki því sem sóst var eftir. Eins og áður hefur komið fram hóf FL Group að losa um stöður sínar bæði í AMR og Commerzbank þegar niðursveifla af hlutabréfamörkuðum komu fram af fullum þunga. Félagið beitti fyrir sig ýmsum vörnum, svo sem með skortsölu á hlutabréf í öðrum bandarískum flugfélögum til að verjast lækkun á gengi AMR. „Þetta voru aðeins erlend hlutabréf sem við skortseldum, meðal annars í bandarískum," segir Jón.

Yfirtökutilraunir á breska hugbúnaðarfyrirtækinu Inspired Gaming Group, sem gekk ekki eftir, setti sömuleiðis strik í reikninginn. Yfirtökutilraunirnar skýra að mestu kostnað við fjárfestingar upp á 1,3 milljarða króna. „Við vorum komin langt í ferlinu og þá fellur til hár sérfræðikostnaður ásamt öðru," segir Jón en bendir á að kostnaðurinn varðandi AMR og breytinga á rekstri félagsins vegi þungt auk svipaðra verkefna sem aldrei urðu opinber. „Það er ljóst að þetta var mjög sveiflukennt ár og mjög stórir póstar sem féllu til sem við reiknum ekki með að komi aftur."

EKKI ÞÖRF FYRIR EINKAÞOTUR

Þreifingar FL Group í Bandaríkjunum og Evrópu í fyrra kröfðust mikilla ferðalaga landa á milli. Jón vill ekki gera mikið úr umræðum um einkaþotur, sem notaðar hafa verið í viðskiptaerindum víða um heim í nafni félagsins. „Í sumum tilfellum notuðu menn einkaþotur og hluti af kostnaðinum fellur til vegna slíkra ferða," segir Jón en áréttar að ekki hafi verið nauðsyn fyrir slíkar ferðir síðustu mánuðina.


Aðspurður um framtíðina segir Jón: „Ég held að þegar við höfum siglt í gegnum þetta tímabil erfiðleika þá verðum við vel í stakk búin til að hagnast á því þegar markaðir jafna sig. Við erum að undirbúa skútuna fyrir framhaldið. Það er markmið



**NÝTT ELDHÚS
MEÐ BREYTTUM
ÁHERSLUM**



**HOTEL
HOLT** Bergstaðastræti 37 s. 552 5700 holt@holt.is www.holt.is



Við hjá Odda bjóðum upp á ótrúlegt úrval á öllum sviðum hráefnis og prentunar. Trúnaðarupplýsingar eru öruggar í okkar höndum enda eftirlit og umgengni um prentsali takmörkuð.



SÁ SEM SEGIR
AD ÁRSSKYRSLUR
SNUIST BARA
UM TÖLUR OG
INNIHALD HEFUR
EKKI PRENTAÐ
HJÁ OKKUR



Krónan kallar á reglulega jarðskjálfta

Krónan nær aldrei fullkomnum stöðugleika að mati viðmælenda Markaðarins. Það sé í eðli smárrar myntar að sveiflast. Ná megi meira jafnvægi, en bent er á að stöndugri gjaldmiðlar sveiflist einnig. Kallað er eftir endurskoðun á peningastefnu Seðlabankans. Viðhorf stjórnáráðmanna til þess eru mismunandi. Lektor við Háskólann í Reykjavík telur að strax eigi að grípa til aðgerða til að auka gjaldeyrisforðann. *Ingimar Karl Helgason* fór yfir málið.

Rætt var um stöðu gjaldmiðilsins á nýafstöðnu Viðskiptaþingi. Meðal helstu niðurstaðna þar, bæði hjá flestum frummælendum og í pallborðsumræðum, var að óhjákvæmilegt væri að Íslendingar myndu notast við krónuna næstu árin þótt tæknilega möglegt sé að taka upp evru, eins og fram kom í máli Richards Portes, prófessors við London School of Economics.

GJALDEYRISFORÐINN

Gjaldeyrisforði Seðlabankans nemur nú ríflega 174 milljörðum króna. Bankinn skilgreinir gjaldeyrisforðann sem eignir í erlendum gjaldmiðlum sem eru aðgengilegar með litlum fyrirvara. Forðinn samanstendur af gulli, sérstökum dráttarréttindum og gjaldeyrisstöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og erlendum innstæðum auk erlendra markaðsverðbréfa. Því má velta fyrir sér hvort þetta geti orðið erfitt, ef fleiri en einn banki á í vandræðum og hafa má í huga að hluti Norðurlanda er í Evrópusambandinu, en aðeins Finnar nota evru.

við íslenskt efnahagslíf og spurningar hafa vaknað um hvort þeir eigi sér framtíð hér á landi að óbreyttu.

Einnig velta menn fyrir sér burðum Seðlabankans til að styðja við bankana.

Hins vegar er ljóst að vilji núverandi stjórnvalda stendur ekki til þess; hvorki til að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið á þessum tímamarki né að taka evru upp einhliða.

Íslenskir bankar eru hins vegar orðnir mjög stórir miðað

KRÓNAN ENN UM SINN

Íslendingar verða því að sætta sig við krónuna næstu árin, enda má ætla óhjákvæmilegt annað en að hún verði hér gjaldmiðill, jafnvel allan komandi áratug.

Jurgen Stark, stjórnarmaður í Evrópska seðlabankanum, sá í ræðu sinni á Viðskiptaþingi alla meinbugi á einhliða upptöku evrunnar. Íslendingar nytu seint stuðnings Evrópska seðlabankans, stigju þeir einhliða skref. Þá sagði Percy Westerlund, sendiherra Evrópusambandsins gagnvart Íslandi, að Íslendingar kynnu beinlínis að baka sér óvild sambandsins með slíkum æfingum.

Þó hefur verið bent á ýmsa kosti við að taka upp evruna einhliða, til dæmis að öll gengisáhætta væri frá og vextir myndu lækka. En einnig að á því séu gallar. Við þyrftum að kaupa allar okkar evrur og fórna sjálfstæðri peningastefnu, svo nokkuð sé nefnt.

Ljóst var af umræðum á Viðskiptaþinginu að upptaka evru væri stærra mál en að líta mætti á það sem skammtímalausn á tímabundnum vandamálum í efnahagsmálunum.

KRÓNAN LEIKSOPPUR YTRI AFLA

En hvers vegna öll þessi umræða um evru? Meðal þess sem hæst hefur borið er sá óstöðugleiki sem fylgir krónunni, ekki síst með vaxandi flæði fjármagns, auknum utanríkis-

viðskiptum og útrás íslenskra fyrirtækja.

Arnór Sighvatsson, aðalhafgæðingur Seðlabankans, sagði í grein í Fjármálatíðindum í fyrra, að eftir því sem leyst væri úr fjármagnshöftum um allan heim „verður peningastefna hvers lands í ríkari mæli leiksoppar afla sem standa utan áhrifasviðs hennar“.

Gengissveiflur hafa enda verið töluverðar frá því að flotgengisstefna var tekin upp árið 2001.

Sé miðað við gengi Bandaríkjadals hefur verið á honum farið frá rúmum 58 krónum og upp fyrir 110 krónur á þessum tíma. Það þýkir mörgum drjúg sveifla.

Áður var fylgt fastgengisstefnu, en ekki er hægt að segja að stöðugleikinn hafi verið alger. Margir minnst einnig tíðra gengisfellinga fortíðar.

Fríðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, bendir á að stýrivextir Seðlabankans séu í raun eina tæki hans til að hafa áhrif á verðlag. Því sé beitt til að reyna að halda verðbólgu í skefjum. Þetta markmið verði að hafa forgang á allt annað, hvort sem það sé atvinnuástand eða gengi krónunnar.

AFBORGUNIN AF BÍLALÁNINU

Útflutningsfyrirtæki og raunar aðrir hafa mikið kvartað undan óstöðugleikanum.

STIKLUR*

1992	1993	1995	1997	2000	28. MARS 2001
Gengisskráningarsímtalan samsett af ECU (18%), USD (76%) og JPY (6%).	Millibankamarkaður með gjaldeyri stofnaður.	Vikmörk vikkuð í 6%. Gengisskráningarfoginni breytt og hlutfall mynta endurspegladi hlut viðskiptalanda.	Gengisskráningarfundur lagðir af. Gjalddeyrismarkaður fyrir viðskipti kl. 9.15- 16.00 hvern viðskiptadag tók til starfa.	Vikmörk vikkuð í 9%.	Seðlabankinn tók upp verðbólgu markmið. Vikmörk krónunnar formlega afnumin.

* Heimild: Seðlabankinn

SAGAN Á BAK VIÐ KÁRA STEFÁNSSON

Krabbameinspróf DeCode komið á markað

DeCode, fyrirtæki Kára Stefánssonar, hefur nýlega sett á markað greiningarpróf vegna krabbameins í blöðruhálskirtli. Þetta hefur vakið nokkra athygli, enda er þessi tegund krabbameins talin eitt helsta heilbrigðismál vestrænna karla.

Kári hefur um árabil verið umdeildur í íslensku samfélagi, allt frá því að hann setti Íslenska erfðagreiningu á stofn í maí árið 1996 og árin þar á eftir þegar tekist var á um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Kári Stefánsson er fæddur

í Reykjavík árið 1949. Hann gekk í Menntaskólann í Reykjavík. Þar var hann meðal annars samtíða Davíð Oddssyni Seðlabankastjóra og lék meðal annars í frægri uppfærslu Herranætur á Bubba kóngi. Þar lék Kári keisarann en Davíð kónginn.

Úr MR lá leiðin í læknisfræði í Háskóla Íslands. Haft hefur verið eftir Kára að HÍ hafi verið leiðinlegasti skóli sem hann hafi gengið í. Þaðan hélt hann til Bandaríkjanna í framhaldsnám, þar sem hann sérhæfði sig í taugalækningum og taugameina-

fræði. Hann var settur prófessor við Háskólann í Chicago árið 1990. Hann gerði síðan stuttan stans hér á landi þegar hann tók við forstöðu Tilraunastöðvar HÍ að Keldum, en sagði stöðunni lausri þegar honum bauðst prófessorsstaða við Harvard-háskóla.

Kári var við Harvard til ársins 1997, en árinu áður tilkynnti hann um stofnun DeCode Genetics. Þá hafði hann safnað tólf milljónum Bandaríkjadala hjá erlendum áhættufjárfestum. Hugmyndin var að nýta sér-

stöðu Íslendinga, um erfðastofn og sögu þjóðarinnar.

Stórt skref var stigið í sögu fyrirtækisins tveimur árum síðar þegar DeCode gerði samstarfssamning við svissneska lyfjariann Hoffmann-La Roche upp á sem þá nam sautján milljörðum króna. Það þótti gríðarleg fjárhæð í þann tíð.

Það vakti athygli að hús Íslenskrar erfðagreiningar í Vatns-

mýri reis á undraskömmum tíma og var tekið í notkun í kringum áramótin 2001/2002. Þar hafa höfuðstöðvar fyrirtækisins verið síðan.

Kári þykir mikill keppismaður en hann leggur stund á körfubolta og líkamsrækt.

Margir sem hafa séð til hans í miðstöð World Class í Laugum segja hann ávallt vera með einbeittasta móti.

- ikh



SPÁKAUPMAÐURINN

Skitið í byrginu

Margir hafa barið á dyrnar hjá mér upp á síðkastið með grátbólgin augun og allt niður um sig í von um ráðleggingar. „Í þessu skelfilega ástandi,“ eins og nokkrir hafa sagt á milli titrandi tannanna. Glansinn var farinn af jakkafötum flestra en aðrir hafa látið nægja að kaupa eldri og útrunnin módel á helmingsafslætti og vel það. Og þá er nú farið að slá í harðbakkann!

Ég er ekki vanur að gefa ráðleggingar um hlutabréfakaup enda getur það komið aftan að manni um heila eilífð, svona eins og Skrattinn í sauðarleggnum. Miklu betra – og ég ráðlegg fleirum að taka slíkt til sín – er að gefa ráð í formi vísbendinga, óljósra leiða sem geta vísað á gullnámu. Sem raunin er í sárafaum tilfellum.

Einhvern tímann síðasta sumar rak ég augun í ráð sem kvað á um að núna ættu fjárfestar að kaupa ógrynni af dósamat og loka sig og sína inni í byrgi með haglarann þar til veðravítinu slotaði á hlutabréfamarkaði. Lítið gagn í því að mínu viti. Aðstæður hafa versnað allsvakalega síðan þá og óvíst hvernig þeim líði sem fóru eftir þeim ráðum, hafi þeir ekki selt sig út fyrir löngu. En eitt er víst. Þeir sem leituðu í var hafa þurft að kaupa haglara, skotfæri, dósamat og ógrynni af skeinipappír. Af því leiðir að tekjur fyrirtækja sem sinna daglegum þörfum fólks – og þá er ég ekki að tala um haglarabísnessinn – ættu að koma ágætlega inn í árið. Fólk þarf jú að sinna sínu daglega stoffi og margir til að sinna því. Tannkrem- og andremmubanaframleiðendur ættu líka að gera það gott, að mínu viti. Margir mættu reyndar nota meira af slíku stoffi.


(Taka ber fram að spákaupmaðurinn á enga hluti í neytendavörufyrirtækjum sem snúa að andremmu fólks).

Spákaupmaðurinn á horninu

Hringdu í síma

512
50
60
ef blaðið berst ekki

Fréttablaðið



Við stöndum upp úr

Fréttablaðið er með 57% meiri lestur en 24 stundir og 90% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.



Allt sem þú þarft...

...alla daga



ÞORSTEINN Í HANDVERKSHÚSINU Handverkshúsið er sannkallaður sköpunarheimur að sögn Þorsteins. Þangað getur fólk komið til að versla, sækja námskeið, eða hreinlega til að fá heitt af könnunni og skoða handverksbækur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kraftur í handverkinu

Í Handverkshúsinu í Hafnarfirði má finna allt sem þarf til handverks; allt frá námskeiðum til verkfæra. **Jón Skafíason** spjallaði við **Þorstein Jónsson** eiganda.

Þorsteinn Jónsson er eigandi Handverkshússins í Hafnarfirði. Handverkshúsið var stofnað af Gylfa Sigurlinnasyni fyrir ellefu árum, en Þorsteinn tók við skútunni fyrir um tveimur árum.

Þorsteinn og félagar sérhæfa sig í fjölbreyttu handverki; til að mynda tréutskurði, tálgun, hnifagerð, steinavinnslu, leirbrennslu og silfursmíði, auk þess sem sérhæfð verkfæri til slíkra nota eru til sölu. Þá býður Handverkshúsið heildarlausnir fyrir handverksstofurnar í skólum landsins. „Við höfum vaxið smátt og smátt. Nýlega hluttum við í nýtt húsnæði að Bolholti 4 og þrefölduðum þá plássíð hjá okkur. Okkar sérhæfing liggur fyrst og fremst í ýmiss konar handverki,“ segir Þorsteinn.

Kunnahópurinn er fjölbreyttur og kemur víða að, að sögn Þorsteins. Mestur vöxtur hafi þó

orðið í aðsókn að silfursmíðanámskeiðum, sem njóti sérstakra vinsælda meðal kvenna á öllum aldri. „Annars er þetta fólk um allt land, sem er að skapa heima hjá sér. Nýja verslunin okkar er sannkallaður sköpunarheimur og menn verða upprifnir af því að koma hingað inn.“

Hjá Handverkshúsinu starfa fjórir starfsmenn. Þorsteinn segist leggja mikla áherslu á þekkingu á viðfangsefninu og góða þjónustu. Fólk sem heimsæki Handverkshúsið eigi að fá þá tilfinningu að það sé að sækja fagmenn heim. „Okkar þjónusta er við annan hóp fólks en til dæmis hjá stóru byggingarvöruverslunum. Það má segja að við einblinum á hlíðargreinar sem stóru fyrirtækin hafa ekki lagt mikla áherslu á. Við erum mjög sérhæfð, öðruvísi og vonandi skemmtileg.“

Þorsteinn segir þó ekki standa til að fjölga verslunum eða stækka enn frekar við sig. Hann bendir þó á að þjónusta Handverkshússins nái nú þegar til landsins alls, enda sé mikið úrval bæði verkfæra og upplýsinga að finna á heimasíðunni Handverkshúsið.is, auk þess sem hægt sé að fá varning sendan með pósthjónustu. „Markmiðið er að halda vel utan um þá þjónustu sem þegar er komin á köppinn.“

Þorsteinn segir mikinn kraft í handverkinu. Vinsældir silfursmíðinnar og steinavinnslunnar séu til að mynda alltaf að aukast. „Það er alltaf líf og fjör hérna og viðtökurnar á nýjum stað hafa verið gríðarlega góðar. Við erum alltaf með heitt á könnunni og ríflega hundrað titla af handverksbókum. Fólk kemur hingað gjarnan, fær sér kaffi og kynnir sér bækurnar í rólegheitum.“ - jsk

LANDBÚNAÐUR

Kúabúin á hausinn?

„Ekki er fyrirsjáanlegt að mörg kúabú verði rekstrarhæf miðað við núverandi mjólkurverð,“ segir Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda. „Þetta er því miður staðreyndin.“

Hann segir bændur uggandi yfir stöðunni og þeir spyrji hvenær þeir fái leiðréttingar á mjólkurverði til sín, vegna hækkana á kostnaði við framleiðsluna. „Þær eiga sér sennilega ekkert fordæmi.“

Um 700 kúabú eru í landinu. Þórólfur segir stöðuna nú óvenjulega að því leyti að bæði fjármagnskostnaður og almennur rekstrarkostnaður búanna hafi hækkað óheyrilega. Hann nefnir þar sérstaklega kjarnfóður og áburð. Þetta komi sérstaklega illa við skuldsett kúabú sem hafi staðið í uppbyggingu. Þórólfur vill að mjólkurverð til


bænda verði hækkað 1. apríl. Hækkunin verði byggð á framreikningi sem meðal annars byggist á vaxtakostnaði, beingreiðslum og áburðarverði. „Fjárfestingalánin eru nú á hátt í nýu prósentu vöxtum.“

Þórólfur segir brýnt að fyrir útreikningunum liggja raunveruleg staða kúabúanna og því þurfi Landssambandið að fá bráðabirgðauppgjör bænda fyrir síðasta ár í hendur sem fyrst.

Eins og er sé erfitt að spá fyrir um hversu mikilla hækkana bændur muni þarfnast.

Viðmiðunarverð á mjólkurlítranum til bænda er nú 49 krónur og 96 aurar.

Ef verð til bænda verður hækkað má gera ráð fyrir að hækkuninni verði á einhverjum tíma velt yfir á neytandan. Mjólkurlítranur má fá á bilinu 73 til 83 krónur út úr bú. - ikh



DÝRAR KÝR Á FÖBRUN Landssamband kúabænda vonast eftir hækkun á mjólkurverðinu.

FÓLK Á FERLI



JÓN ÁRNASON **SASAN RABIEH**

Sasan Rabieh hefur verið ráðinn sem verkefnastjóri við efnarannsóknir hjá Mátis. Hann er með BSc. próf í efnifræði og MSc. gráðu í efnagreiningum frá Ahvaz-háskólanum í Íran. Þá lauk hann Ph.D. í efnagreiningum á umhverfissviði frá háskólanum í Duisburg í Þýskalandi.



ARNLIÓTUR BJARKI BERGSSON

Arnliótur Bjarki Bergsson hefur tekið við starfi sérfræðings hjá Mátis í verkefnum í próteinvinnslu. Hann er sjávarútvegsfræðingur og með MSc. próf í matvælavísindum og -tækni frá Tokyo University of Marine Science and Technology.

Jón Haukur Arnarson hefur verið ráðinn verkefnastjóri hjá Mátis. Hann er með BS í matvælafræði frá Háskóla Íslands og MS í viðskiptafræði með áherslu á gæðastjórnun.

Jón Árnason hefur tekið við starfi deildarstjóra á eldisdeild Mátis. Jón lauk Ph.D. í fóðurfræði frá Norges Lanbruks Högskole árið 1980.

Vatnið sækir á

„Vatnið er komið til að vera. Þetta er ekki lengur spurning um hvort heldur hversu stórt það verður,“ segir Jón Ólafsson, stjórnarformaður Icelandic Water Holdings, sem selur átappað vatn á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial úti um allan heim.

Rætt var við Jón í bandaríska vefritinu TheStreet.com á dögnum í tengslum við aukna vatnsneyslu vestanhafs samhlíða minnkandi neyslu á gosdrykkjum og kolsýrðum drykkjum.

Þar kemur meðal annars fram að Icelandic Glacial sé tiltölulega lítill aðili á bandarískum markaði en stefni hraðbyr

á aukna markaðshlutdeild þar í landi með samstarfi við drykkjavörurissann Anheuser Busch.

Í nýlegu fréttabréfi Icelandic Water Holdings kemur fram að stefnt sé að því að hafa vatnið úr Ölfusinu í hillum verslana í öllum ríkjum Bandaríkjanna 1. maí næstkomandi. Það er á áætlan og starfsfólk, bæði fyrir-tækis Jóns

og sonar hans og Anheuser Busch, á fullu að ná markmiðinu, líkt og segir í fréttabréfinu.

- jab



JÓN FÆR SÉR EINN FRÍSKANDI

SJÁVARÚTVEGUR

Fá kvótakerðinguna

„Við reiknum með því að fá jafn mikið inn í söluverð hjá okkur og við missum á Íslandi,“ segir Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri hjá Vísi í Grindavík.

Félagið hefur keypt þrjátíu prósent hlut í kanadíska fyrirtækinu Ocean Choice. Félagið hefur verið með umfangsmikla starfsemi á Nýfundnalandi, einkum í skelfiski og kola, en líka í bolfiski. Gengið var frá kaupnum skömmu fyrir áramót.

„Við vorum komnir á kaf í þetta þegar kvótakerðingin reið yfir. Þetta er kannski ekki besti tíminn til fjárfestinga, en við höfum lánstraust í íslenska

bankakerfinu. Landsbankinn stendur á bak við okkur,“ segir Pétur Hafsteinn.

Hann vill ekki gefa upp hversu mikið hluturinn kostaði, en segir að velta Vísis aukist umtalsvert við kaupin. „Við veltum um fimm milljörðum króna, en til samanburðar er veltan í Kanada um tuttugu milljarðar.“

Innan Ocean Choice eru einnig kvóti, skip og vinnsla sem keypt voru af félaginu Fishery Product International. Hjá Ocean Choice eru nú tólf vinnslur og átta skip.

„Svo fylgir með þessu nokkur þorskvóti. Við verðum þarna í uppbyggingu veiða og vinnslu á bolfiski.“ - ikh



FJÁRMÁLAGEIRINN

Gallarnir sniðnir af frumvarpinu

„Varla fæst staðist að svipta menn þessum rétti afturvirk.“ sagði Sigurjón Högnason, lögfræðingur hjá KPMG, um gildistöku frumvarps um söluhagnað á hlutabréfum, á skattarástefnu fyrirtækisins sem haldin var á Grand hóteli á dögunum.

Hann sagði að óvissa hlyti að skapast varðandi söluhagnað sem myndaðist frá upphafi ársins 2008 og fram að því að breytingarnar á lögum um söluhagnað af hlutabréfum yrðu lögfestar. Á þessum tíma væru eldri heimildir um frestun söluhagnaðar í gildi. Þetta kynni að hafa í för með sér að menn yrðu sviptir réttindum aftur í tímann. Samkvæmt frumvarpinu ættu lögin að hafa tekið gildi um síðustu áramót.

Sigurður gagnrýndi ýmslegt í frumvarpinu í erindi sínu, en bætti því við að vonandi yrðu gallarnir sniðnir af því í meðförum Alþingis.

Samkvæmt frumvarpinu verður afnumin heimild til að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum; hann verði í raun skattfrjáls. Um leið verður frádráttur vegna



ÁHUGAFÓLK UM SKATTA Margt var um manninn á skattarástefnu KPMG. Þar var meðal annars fjallað um reikningskil í erlendum gjaldmiðlum og skattaleg álitamál, frumvarp um söluhagnað hlutabréfa og fyrirtækjaskatta í alþjóðlegu samhengi auk þess sem fjármálaráðherra fjallaði um stöðu Íslands í skattamálum. MARKAÐURINN/RÓSA

hagnaðar af sölu hlutabréfa takmarkaður þannig að hvorki verði hægt að draga hann frá öðrum tekjum né nota hann til að mynda yfirfæranlegt tap hjá félögum.

Ýmis hörð gagnrýni hefur komið fram á frumvarpið. „Meginreglan er sú að kostnaður við að afla tekna sé frádráttarþær. Í þessu tilviki er til dæmis vaxtakostnaður ekki

frádráttarþær svo það er verið að þrengja þetta,“ sagði Guðmundur Skúli Hertvigsson hjá Deloitte í Markaðnum. Þá benti Friðgeir Sigurðsson, forstöumaður skattasviðs Kaupþings, á að frumvarpið væri langt frá því að vera skýrt um heimildina til að nýta yfirfæranlegt tap sem hefur orðið fyrir gildistöku laganna.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segist ekki hafa kynnt sér gagnrýni á frumvarpið til hlýtar en hins vegar sé ljóst að öll glögg gagnrýni verði skoðuð.



SIGURJÓN HÖGNASON



Góð uppskrift
að árangri

GUÐMUNDUR SIGURÐSSON, VOGABÆR

Fyrirtækjaþjónusta

KAUPÞING
Hugsum lengra

Markmið Fyrirtækjaþjónustu Kaupþings er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi fjármálaþjónustu og stuðla að því með faglegum vinnubrögðum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum. Við kappkostum að byggja upp langtímasamband við viðskiptavini okkar sem grundvallast á trausti og trúnaði.

Við tökum þátt í að byggja upp fyrirtækið þitt og erum með þér alla leið!

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á info@kaupthing.is



Mjúk lending!

Með fyrirtækjasamningi við Iceland Express tryggirðu fyrirtækinu hagstæðara verð og sparar fyrirhöfn.

Kostirnir eru ótvíræðir:

- » Hagstæðara verð
- » Aðra leið
- » Tíðar flugferðir
- » Hægt að fljúga til eins áfangastaðar og heim frá öðrum
- » Auðvelt að breyta bókunum
- » Fínum hóteli við hæfi
- » Í boði að velja sæti
- » Engin sunnudagaregla
- » Engin hámarksdvöl
- » Aðstoðum við bókanir á framhaldsflugi erlendra flugfélaga
- » Fjórtán áfangastaðir í sumar
- » Hagstæðir fyrirtækjasamningar í boði

London
11 x í viku*

Köben
10 x í viku

*Frá og með 26. febrúar

Hafðu samband í síma 5 500 600 eða sendu okkur línu á vidskiptaferdir@icelandexpress.is - Saman leggjum við grunninn að vel heppnaðri viðskiptaferð!

Iceland Express 
með ánægju

www.icelandexpress.is

DAGUR Í LÍFI ...

Agnars Hanssonar, bankastjóra Icebank

7.00 Vaknaði og ræsti konu og börn. Sinnti morgunverkunum, sem aðallega felast í því að gefa yngri börnunum súrmjólk og Cheerios.

8.30 - 9.15 Mætti á reglulegan fund með fjárstýringu Icebank þar sem farið var yfir stöðu markaða.

9.15 - 10.00 Þessi stund fór í undirbúning fyrir fundi dagsins og í að svara tölvupóstum.

10.00 - 11.30 Fundur með formanni bankaráðs til undirbúnings bankaráðsfundar á morgun [þriðjudaginn 19. febrúar].

11.30 - 12.00 Fundur með mannauðsstjóra Icebank þar sem lagðar voru línur fyrir stefnumótunardag bankans.

12.00 - 12.45 Hádegisverður með viðskiptavini.

12.45 - 13.30 Fundur með ráðgjafa vegna stefnumótunar.

13.30 - 14.00 Fundur með lögfræðingi bankans vegna ýmissa úti-standandi mála.

14.00 - 15.00 Fundur í öryggisnefnd bankans.

15.00 - 15.30 Frágangur mála fyrir fyrrnefndan bankaráðsfund.

15.30 - 16.30 Símtöl til viðskiptavina og fleira þess háttar.

16.30 - 17.00 Fundur vegna ársskýrslu.

17.00 - 18.00 Tölvupóstur og önnur skrifinniska (hver fann eiginlega upp tölvupóstinn??).

18.00 Fer heim að sinna börnum og matargerð þar sem mánudagar eru leikfimdagar hjá frúnni. Kvöldið fer síðan í lestur og leiðrétt-ingar á ársskýrslutexta samhliða heimilisstörfum.



Í DAGSINS ÖNN Agnar Hansson, bankastjóri Icebank, fer yfir málin með ritara sínum. Agnar deilir með lesendum Markaðarins yfirliti yfir dagsins amstur fyrsta dag vikunnar, mánudaginn 18. febrúar.

MARKAÐURINN/GVA

FRÍSTUNDIN

Alparnir fyrir allar árstíðir

„Það var engu líkara en að við hefðum skrifað veðurspána, sól á daginn og snjócoma á nóttunni. Nýr snjór og fjöllin ævintýralegt leiksvæði dag eftir dag“ segir Böðvar Þórisson, framkvæmdastjóri í Sjóvá.

Böðvar og fjölskylda hans, Hrefna Sigfinnsdóttir, Sigfinnur 9 ára, Kristín 7 ára og Ingunn 2 ára, eru útivistarfolk og sækja mikið í Alpana, eru nú nýkomnir heim frá Laax sem er í svissnesku Ölpunum. Þar eru aðstæður sérlega góðar fyrir fólk sem vill fjölbreytta möguleika; flottar troðnar brekkur, stökkpallar og aðrar lausnir fyrir snjóbrettaiðkun sem og ósnert, ótroðin fjöllin sem bjóða upp á skemmtilegt utanbrautarrennsli fyrir skíði og snjóbretti.

„Við vorum tíu saman, tvær fjölskyldur með þrjú börn hvort“ segir Böðvar og bendir á að þetta sé frábært fjölskyldusport fyrir alla aldurs-þópa. „Þetta verður miklu skemmtilegra fyrir alla þegar fjölgar í hópnun. Krakkahóparnir voru tveir hjá okkur núna, brettahópur og skíðaprinsessur,“ segir hann og hlær. Yngsta barn þeirra hjóna er tveggja ára og skellti á sig plastskíðum inni á hóteli á kvöldin en hafði einnig mikið gaman af því að leika sér í snjónum á daginn. „Hún er orðin spennit og byrjar að renna sér næsta vetur.“

Laax er einn helsti snjóbretta- staður Evrópu í dag, að sögn Böðvars. „Þar er mikið verið að horfa til þeirra þarfa sem eru í snjóbrettunum og dregur það mikinn fjölda iðkenda inn á svæðið. Laax leggur einnig mikið upp úr því að bjóða upp á ótroðnar leiðir og heilu fjöllin eru ekkert troðin en þó skilgreindar leiðir þannig að maður á ekki að villast. Mikið er lagt upp úr öryggi á sama tíma



BÖÐVAR OG BÖRNIN Böðvar og fjölskylda hans fer reglulega í Alpana og kann hvergi betur við sig. Hann er hér í miðri ásamt börnum sínum tveimur og vinkonu þeirra, sem er efst á myndinni.

MYND/ÚR EINKASAFNI

þannig að allt sé þetta stundað með réttum búnaði og við réttar aðstæður.

Sigfinnur, níu ára, hefur verið á snjóbretti síðustu fjögur árin og farinn að gera ótrúlega hluti á brettinu. „Maður klórar sér bara í hausnum þegar hann svífur í loftinu og fer í hringi,“ segir Böðvar. En allt er þetta gert með hjálm á höfði og brynju á bakinu, það er lyklatríði. „Ég hef stundað snjóbrett jafnt sem skíði síðustu ár, en Sigfinnur er orðinn miklu betri en ég jafnt í stökkvum sem og við rennsli í braut og mjöll,“ segir hann. „Oft er talað um það að þeir sem stundi svona íþróttir séu áhættusæknir, en ég er ekki sammála. Maður er vel varinn og fer um fjöllin af yfirvegum og hugsun,“ segir Böðvar. „Ég er alltaf hræddastur í bíl á Suðurlandsveginum. Maður stýrir sjálfur skíðunum og snjóbretti en ræður ekki því sem

fram fer í bíl sem kemur á móti manni,“ segir hann.

Böðvar segir heilmikla uppbyggingu hafa átt sér stað fyrir útivistarfolk í Ölpunum síðustu ár og mörg svæðanna séu nú einnig opin á sumrin. „Við sækjum mest í skíðasvæðin í Sviss, Ítalíu og Austurríki á veturna en hjólreiðasvæðin Frakklandsmegin á sumrin.“

Böðvar segir Alpana frábæra. Fjölskyldan komi þangað reglulega og kunnir hvergi betur við sig. „Ég fer einnig reglulega í Alpana með félögum mínum og þá sérstaklega í hjólreiðaförðir. Les Gets í Frakklandi er þá oftast áfangastaðurinn. Passports du Soleil er að verða einhver þekktasta fjallaþraut hjólreiðanna í Evrópu og afgreidd á hverju ári. Ísland hefur einnig upp á magnaðar hjólaleiðir að bjóða, en það er eins og krem á köku að fara í Alpana,“ segir Böðvar.

-jab

Við sækjum mest í skíðasvæðin í Sviss, Ítalíu og Austurríki á veturna en hjólreiðasvæðin Frakklandsmegin á sumrin ... Ísland hefur einnig upp á magnaðar hjólaleiðir að bjóða, en það er eins og krem á köku að fara í Alpana.

ÚTSÝNI TIL LEIGU

LAUGAVEGUR 26

Um er að ræða 5. hæð sem er nýbygging ofan á húsið, alls 332 m². Þetta er einstakt rými með gluggahliðum til norðurs og suðurs. Svalir allan hringinn og frábært útsýni.

Til útleigu frá og með 15. mars nk. Teikningar er að finna á www.landicproperty.is.

LÁGMÚLI 9

Um er að ræða tvær hæðir. Annars vegar innréttað rými á 6. hæð sem er 338 m² og hins vegar 7. hæð sem er nýbygging ofan á húsið, alls 286 m². Útsýni einstakt frá báðum hæðum. Mjög góð staðsetning. Hægt er að leigja rýmin saman eða í sitt hvoru lagi.

Til útleigu frá og með 15. mars nk. Teikningar er að finna á www.landicproperty.is.

Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Rut Jónsdóttur í s. 575 9010 eða á irj@landicproperty.is.



Landic Property er eitt stærsta fasteignafélag á Norðurlöndum og sérhæfir sig í útleigu fasteigna til langs tíma.

Kringlunni 4-12 | 103 Reykjavík

www.landicproperty.is

LANDIC
PROPERTY

Nýtt á
Íslandi

200% ábyrgð!

Þú færð peninginn tilbaka
og tölvuna líka!

TOSHIBA
ÖRYGGI

Í fyrsta sinn á Íslandi færðu 200% ábyrgð á tölvu sem hentar bæði fyrir vinnu og heimili. Við erum svo öryggir með Toshiba fartölvuna að við ábyrgjumst ekki aðeins að gera við hana hratt og örugglega ef hún bilar, heldur endurgreiðum við þér hana...

...og þú heldur tölvunni! *

Þú gengur að Toshiba Öryggi eingöngu í BT fyrirtæki, verð frá 89.999,-

*Á eingöngu við þegar vélbúnaður bilar. Endurgreiðslan er greidd að fullu, að frádregnum virðisaukaskatti.
Gildir fyrir eftirfarandi vélar: Satellite Pro (fyrir utan L40), Portege, Tecra



Skeifan 17 - Ný verslun!

BT Fyrirtæki | Skeifan 17 | 550 4400 | Kíktu á heimasíðuna okkar www.btf.is

BT
FYRIRTÆKI

...líka fyrir þig!

BANKAHÓLFID

Allt í salti

Talsverðar breytingar hafa orðið í kjölfar vorhreiðinganna innan-dyra hjá FL Group eftir að nýir menn settust við stýrið. Jóni Sigurðssyni, forstjóra félagsins, var á uppgjörsfundum félagsins í síðustu viku tíðrætt um niðursveifluna á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum en dýfan varð meðal annars til þess að hlutafjárútkning á genginu 14,7 krónur á hlut, sem fyrirhuguð var á á fyrri helmingi ársins, var sett í salt. Spurður um þetta sagði Jón að eins og útlitið væri um þessar mundir myndi hann frekar kaupa bréfin á markaði. Gengi bréfa í FL Group hefur fallið um 65 prósent frá því fyrir nákvæmlega ári og endaði í 10,2 krónum á hlut á uppgjörsdeginum. Gróft reiknað þurftu þau að hækka um 44 prósent til að ná 14,7 króna markinu.



Tóku ekki séns á mistökum

Útsending á netinu frá vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans síðasta fimmtudag gekk ágætlega. Hljóð var að visu örlítið brogað á köflum, en þó ekki svo að truflaði mikið. Væntanlega hefur þeim létt mjög sem að útsendingunni komu því í tvö skipti þar á undan fór allt afлага sem gat og útsending féll niður, fjarstöddum áhugamönnum um vaxtaákvörðanir til mikillar armæðu. Í bæði skiptin var útsendingarsíðan vandlega merkt Nýherja sem tók að sér tæknivinnslu, en í þetta skiptið bar svo við að merki félagsins var hvergi að sjá. Lausleg athugun leiddi þó í ljós að ekki hefði verið skipt um fyrirtæki til að sjá um útsendinguna. Líklega hefur fyrirtækið bara ekki viljað taka áhættuna á að flagga nafninu ef illa færi í þriðja sinn.

Sameiningar í vændum

Sameiningar og hagræðing í fjármálageiranum eru meðal þess sem hér þarf að eiga sér stað, að því er fram kom í máli Tryggva Þórs Herbertssonar, forstjóra Aska Capital, í pallborðsumræðum á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands í síðustu viku. Að umræðum loknum og í almennu spjalli gesta þingsins sveif blaðamaður á Sigurjón P. Árnason, bankastjóra Landsbankans, og Lárus Welding, forstjóra Glitnis, og spurði álit á umræðum. „Svara þú bara fyrir okkur. Þú ert góður í þessu,“ sagði Lárus við Sigurjón og stökk í annað spall. Bankastjóri Landsbankans tók vel umleitunum blaðamanns, en aftók um leið fyrir að það væri vísbending um yfirvofandi sameiningu bankanna að hann svaraði fyrir báða í þetta skiptið.



2,1 milljarður króna er tap Aska Capital á undirmáslánum, að því er fram kom í ársuppgjöri bankans. Bankinn segir að áhrifa amerískra undirmáslána gæti ekki lengur í fjárfestingum bankans og þannig hafi staðan verið þegar í lok síðasta árs.

104 kaupsamningum var þinglýst í síðustu viku, samanborið við 75 til 85 vikurnar þar á undan. Velta á fasteignamarkaði nam 3,5 milljörðum króna í vikunni.

1,1 prósent atvinnuleysi mældist í janúar samkvæmt tölum Vinnuálagstofnunar. Atvinnuleysið er það minnsta sem mælst hefur í mánuðinum í tuttugu ár.

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Sauðárkrúkur | Akureyri | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Selfoss | Reykjanesbær

Áttu mikið útistandandi?

Við höfum liðsinnt fjölda fyrirtækja við innheimtu

útistandandi viðskiptakrafna með góðum árangri.

Komdu til okkar með það sem þú átt útistandandi - síminn er **440 7770**.

konkús

www.intrum.is

intrum  justitia

VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA



Valsað ál fyrir þök og vegg
Fegurð, mykt, ending
Fæst í 12 litum

ALCAN  Novelis 

Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

ALTAK

basrocka11